

Fundargerð 41. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu 27. nóvember 2017 kl. 13.00

Dagskrá:

1. Áhersluverkefni frá Norðurlandi eystra og Austurlandi
2. Hugarflugsfundur stýrihópsins í Borgarnesi 20. nóvember
3. Markmið málaflokka ráðuneyta
4. Skýrsla landshlutanevndar fyrir Norðurland vestra – afdrif verkefna
5. Mótun nýrrar byggðaaætlunar 2018-2024
6. Samráðsfundur stýrihóps og landshlutasamtaka sveitarfélaga
7. Önnur mál
 - a. Erindisbréf stýrihópsins
 - b. Upplýsingar fyrir nýja ríkisstjórn
 - c. Næsti fundur

Mætt: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (SSR), Björn Helgi Barkarson (UAR), Karitas H. Gunnarsdóttir (MMR), Sigurður Guðmundsson (FJR), Stefanía Traustadóttir (SSR), Héðinn Unnsteinsson (FOR; mætti kl. 13:30), Árni Ragnarsson (Byggðastofnun), Karl Björnsson (Sambandinu) Hermann Sæmundsson (SSR, vék af fundi kl. 13:30) og Sigríður K. Þorgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Fjarverandi: Anna Katrín Vilhjálmsdóttir (UTN), Þórarinn Sólmundarson (MMR), Þór G. Þórarinsson (VEL), Páll Brynjarsson (landshlutasamtökum) og Helga Haraldsdóttir (ANR).

Fundargerð 40. fundar hafði verið send fundarmönnum og samþykkt fyrir fundinn.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Áhersluverkefni frá Norðurlandi eystra og Austurlandi

Áhersluverkefni frá Norðurlandi eystra og Austurlandi, eitt frá hvorum landshluta, höfðu verið send fundarmönnum fyrir fundinn. Formaður kynnti verkefnin kallaði eftir athugasemdum. Verkefnin voru staðfest eftir nokkrar umræður.

2. Hugarflugsfundur stýrihópsins í Borgarnesi 20. nóvember

Formaður gerði grein fyrir fundi stýrihópsins sem haldinn var í Borgarnesi mánudaginn 20.11. og helstu umræðuefnum þar. Umræða varð um að sóknaráætlanir eigi að vera sýn landshlutans sem breiður hópur heimamanna tekur þátt í að móta. Samhæfa þurfi stefnur og áætlanir. Stjórnvöld og starfsfólk ráðuneyta þurfa að vera meðvituð um að byggðamál gangi þvert á málaflokka Stjórnarráðsins. Rætt var hvernig mætti samræma sóknaráætlanir og skipulagsáætlanir og því velt upp hvort Byggðastofnun gæti skoðað það. Rætt var um mælikvarða og um gæðakerfi sem þarf að hafa á útdeilingu fjármuna.

3. Markmið málaflokka ráðuneyta

Málefnasvið Stjórnarráðsins eru 34 og málaflokkarnir samtals 101 talsins. Fyrir þessa málaflokka eru um 300 markmið. Á Borgarnesfundinum var rætt um að hver fulltrúi í stýrihópnum fari yfir markmið síns

ráðuneytis m.t.t. byggðasjónarmiða. Landshlutasamtökin geti í kjölfarið haft markmiðin til hliðsjónar þegar kemur að samþættingu við aðrar opinberar áætlanir. Ákveðið að verkefnisstjóri sendi stýrihópnum póst með beiðni um að hver fulltrúi fari yfir markmið málaflokka sinna ráðuneyta og taki saman lista þar sem vísað er í þau markmið sem hafa byggðavinkil. Senda þarf verkefnisstjóra upplýsingarnar fyrir 11. desember.

4. Skýrsla landshlutanefndar fyrir Norðurland vestra – afdrif verkefna

Fyrir fundinn hafði formaður framsent stýrihópnum bréf frá framkvæmdastjóra Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra þar sem meðal annars er spurt um afdrif þeirra 14 verkefna sem ríkisstjórnin samþykkti í desember 2015 og lögð höfðu verið til af svokallaðri Norðvesturnefnd í október 2014. Óskaði formaður eftir að fulltrúar viðkomandi ráðuneyta gerðu grein fyrir afdrifum verkefna sem heyrðu til þeirra ráðuneyta. Þegar hefur verið upplýst um afdrif flestra verkefnanna en enn á eftir að fá staðfestingu á nokkrum þeirra. Formaður og verkefnastjóri halda áfram að grennslast fyrir um verkefnin og upplýsa framkvæmdastjóra SSNV og stýrihópinn um það.

5. Mótun nýrrar byggðaáætlunar 2018-2024

Formaður greindi frá framvindu vinnu við mótun nýrrar byggðaáætlunar fyrir árin 2018-2024.

6. Samráðsfundir stýrihóps og landshlutasamtaka sveitarfélaga

Lokið er fimm af átta samningsbundnum fundum með landshlutasamtökum. Fundirnir hafa verið í Borgarnesi, Egilsstöðum, Ísafirði, Akureyri og Selfossi. Næsti fundur verður á Sauðárkróki 12. desember. Fundir á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu verða um miðjan janúar. Stefnt er að samráðsfundi stýrihóps og landshlutasamtaka mánudaginn 15. janúar í Reykjavík. Rætt var um dagskrá fundarins. Megin tilgangur fundarins verður framsetning áhersluverkefna og samþætting áætlana. Jafnframt er gert ráð fyrir ávarpi frá ráðuneyti byggðamála. Rædd var sú hugmynd að taka fyrir tiltekið málefni sem snertir alla landshluta á samráðsfundum stýrihópsins og landshlutasamtakanna og voru innflytjendamál, fjarheilbrigðisþjónusta og húsnæðismál nefnd sem dæmi. Vel var tekið i hugmyndina þó ekki gefist svigrúm fyrir slíka umræðu á næsta fundi.

7. Önnur mál

a) Erindisbréf stýrihópsins

Formaður minnti á að skipunartími stýrihópsins rennur út um áramótin. Gera þarf nýtt erindisbréf sem tekur meðal annars mið af lögum nr. 69/2015 um byggðaáætlun og sóknaráætlanir. Formaður upplýsti að honum hefur verið falið að vinna drög að nýju erindisbréfi og mun hann senda stýrihópi þau til umsagnar.

b) Upplýsingar fyrir nýja ríkisstjórn

Ný ríkisstjórn mun taka við á næstu dögum. Rætt var um og minnt á að í upplýsingamöppum fyrir nýja ráðherra þurfi að vera upplýsingar um sóknaráætlanir landshluta og stýrihópinn.

c) Næsti fundur

Næsti fundur hefur verið boðaður 11. desember n.k. Ákveðið að skoða hvort þörf er fyrir þann fund.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:33.